

um frv. til laga um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Það er þegar ljóst eftir lestur þessa stjórnarfrv. og athugasemda, sem því fylgja, að ríkisstjórnin hefur í hyggju að taka upp landsmálastefnu, sem er fullkomlega andstæð þeirri stefnu, sem þjóðin hefur fylgt undanfarna áratugi. Í stað framfarasóknarinnar á að koma undanhald og afturför.

Framfarirnar á liðnum árum hafa að mjög miklu leyti byggzt á löggjöf frá Alþingi og fjárhagslegum stuðningi af ríkisins hálfu. Framkvæmdir og margvíslegar umbætur hafa verið styrktar með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði og ríkis-ábyrgðum. Einnig hefur verið sett löggjöf um stofnlánasjóði atvinnuveganna og byggingarsjóði og aflað fjár til þeirra. Þá hefur ríkið útvegað lánsfé erlendis til nauðsynlegra framkvæmda og atvinnulegrar uppbyggingar. Þannig hafa margbættar ráðstafanir af opinberri hálfu stuðlað að stórfelldum framförum í atvinnurekstri og á mörgum öðrum sviðum. Ræktun landsins og framleiðsla landbúnaðarvara hefur aukizt. Skipastóllinn hefur verið stækkaður og komið upp vinnslustöðvum fyrir afurðir. Iðnaðurinn hefur verið efldur og m. a. reist tvö stóriðjufyrirtæki, áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðjan. Raforkustöðvar hafa verið reistar og stór átök hafin við dreifingu raforkunnar um landið. Margt fleira mætti nefna, t. d. samgöngubætur og hafnargerðir og íbúðabyggingar í sveitum, kaupstúnum og kaupstöðum, studdar af opinberum ráðstöfunum.

Uppbyggingarstarfinu þarf að halda áfram af fremsta megni um land allt. Öll byggileg landsvæði þurfa að vera setin í framtíðinni og auðlindir landsins notaðar, hvar sem þær eru, eftir því sem tók eru á.

Þjóðinni fjölgar mjög ört. Íbúatalan er nú 173—174 þúsund. Með hlutfallslega jafnmikilli fjölgun og orðið hefur síðustu árin verða landsmenn orðnir um 200 þús. eftir aðeins 7 ár og 220 þús. eftir aðeins 12 ár.

Þegar þetta er haft í huga, ætti öllum að vera ljóst, að það er fullkomin þjóðar nauðsyn að halda við byggðinni og skapa skilyrði til fólksfjölgunar um land allt. En til þess að byggðin geti haldizt og aukizt, þurfa atvinnuskilyrðin, lífskjörin og lífsþægindin að verða sem jöfnust, hvar sem menn búa á landinu. Þess vegna þarf að halda áfram rafvæðingunni með þeim hraða, sem mögulegt er, og leggja fé til annarra nauðsynlegra framkvæmda, svo sem samgöngubóta, heilbrigðisstofnana og menningarstöðva í öllum landshlutum, eftir því sem frekast er unnt og þörfin krefur. Halda þarf áfram að efla stofnlánasjóði atvinnuveganna og byggingarsjóðina.

Það er gæfa íslenzku þjóðarinnar að búa í góðu landi, þar sem olnbogaráymi er mikið og framtíðarverkefni óprotleg að heita má. Á fjölmörgum sviðum biða viðfangsefni komandi kynslóða. Landbúnaðarframleiðsluna þarf að stórauka, til þess að fullnægt verði innanlandsþörfinni og einnig til útflutnings og gjaldeyrisöflunar. Þegar sigur er unninn í landhelgismálinu, má vænta batnandi afkomu sjávarútgerðar í verstöðvum hvarvetna á landinu. Og iðnaðarstöðvar þurfa að risa í kaupstöðum, kaupstúnum og sveitahéruðum.

Það er tvímælalaust, að löggjafar- og framkvæmdavaldinu ber að styðja alhliða uppbyggingu og framfarir um land allt í vaxandi mæli, eftir því sem fólkinu fjölgar og þjóðartekjurnar aukast. Slikt er eðlilegt framhald þess margbætta og mikilsverða stuðnings við framfarirnar, sem að undanfögnu hefur verið veittur af opinberri hálfu.

En stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir, er glöggur vitnsburður um það, að núverandi ríkisstjórn og stuðningslið hennar vill stefna í þveröfuga átt.

Í athugasemdum með frv. segir, að stjórnin og stuðningsflokkar hennar hafi

tekið ákvörðun um, „að ríkisstjórnin skyldi beita sér fyrir gagngerri stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar“, og í því sambandi er þar talað um „algera kerfisbreytingu“. Með þessu frv. og öðrum, sem boðað er að verði lögð fyrir þingið innan skamms, ætlar stjórnin að leggja grundvöll að þeirri efnahagsmálastefnu, sem hún vill að upp verði tekin. Það er því ástæða til að athuga sérstaklega einstök ákvæði frv., sem eiga að styðja stefnubreytingarfyrirætlanir stjórnarinnar, og íhuga, hver áhrif þeirra muni verða, ef þau verða í lög tekin.

Í 1. gr. frv. eru fyrir mæli um nýja gengisskráningu. Sú breyting mun valda stórkostlegri verðhækkun á innfluttum vörum, þar á meðal á efnivörum til bygginga og annarra framkvæmda og á vélum og tækjum til atvinnurekstrar.

Sem dæmi um verðhækkunirnar má nefna, að fiskibátar og vélar í þá svo og dráttarvélar og tæki til þeirra munu hækka í verði um nálægt 50%.

Auk gengislækkunarinnar ætlar stjórnin að halda við þeim sköttum og gjöldum, sem nú ganga til útflutningssjóðs, og taka þá hér eftir í ríkissjóðinn. Fráleitt hefur menn yfirleitt órað fyrir því, að stjórnin mundi gera hvort tveggja í senn, að framkvæma gengisbreytingu, sem hækkar erlendan gjaldeyri stórlega í verði, og heimta jafnframt af mönnum eftir sem áður þá skatta og gjöld, sem áður fóru í útflutningssjóðinn til þess að standa undir útflutningsbótum, sem nú er ætlað að fella niður.

Í athugasemdum með frv. eru nokkrar bollaleggingar um það, hvað þessar gífurlegu breytingar muni valda mikilli hækkun á framfærslukostnaði, og frá því er skýrt, að síðar verði lagt fram frv. um hækkun á bótagreiðslum almannatrygginga. Þá segir einnig, að stjórnin ætli að greiða niður verð á nokkrum innfluttum vörum. En engir viðhlítandi útreikningar hafa verið birtir um hækkunina á framfærslukostnaðinum.

Samkv. 8. gr. frv. á að leggja á nýjan útflutningsskatt, 5% af fob-verði allra útflutningsvara, og á að verja honum til að greiða halla útflutningssjóðs. Skatturinn er ótímabundinn og óupplýst, hvernig honum verður varið, þegar lokið er greiðslu á kröfum á útflutningssjóðinn. Það ætlar ríkisstjórnin að hafa á sínu valdi og vill fá þá skipan lögfesta. Hún áætlað, að skatturinn muni nema 120 millj. kr. á ári.

Í 9. og 10. gr. segir, að innflutningsgjaldið, sem undanfarið hefur runnið í útflutningssjóð, skuli enn innheimt, þó að útflutningssjóður hætti störfum, og á gjaldið að ganga til ríkissjóðs. Í 12.—16. gr. eru ákvæði um framlengingu ýmissa annarra gjalda, sem útflutningssjóður hefur áður fengið, en nú eiga að falla til ríkissjóðs.

Í 17. gr. eru ákvæði um, að sá hluti benzínskattsins, sem áður fór til útflutningssjóðs, skuli hér eftir greiddast í ríkissjóð, og enn fremur, að skattinn skuli hækka um 34 auru á lítra. Eiga 3 aurar af hækkuninni að renna í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga og aðrir 3 aurar í brúasjóð. Eftir eru þá af hækkuninni 28 aurar, sem samkv. frunvarpsgreininni eiga að renna beint í ríkissjóðinn. Hitt virðist þó eðlilegra, að því fé, sem samkv. þessu kann að innheimtast vegna hækkunar innflutningsgjalds af benzíni, verði öllu varið til vega- og brúagerða, og það því fremur, sem stjórnin gerir ráð fyrir, að framlög til þeirra framkvæmda standi óbreytt í fjárlögum fyrir árið 1960, þrátt fyrir þá hækkun á vega- og brúagerðarkostnaði, sem gengisbreytingin hlýtur að hafa í för með sér. Er það eðlilegt fyrirkomulag, að benzínskatti sé varið til umbóta á vegakerfi landsins, og mun ég flytja brtt. um þetta atriði.

19., 20. og 21. gr. eru um hækkunir á vitagjaldi, lestargjaldi af skipum og aukatekjum ríkissjóðs.

Í 23. gr. er hann við því, að kaup eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf skuli fylgja breytingum á vísitölu á einn eða annan hátt.

Oft hefur verið á það bent, að fyrirkomulagið á greiðslu vísitöluuppbóta, sem hér hefur verið notað, sé gallað og á ýmsan hátt varhugavert. Þegar vinstri stjórn

Hermanns Jónassonar lagði fram frv. sitt um útflutningsssjóð o. fl. á Alþingi 1958, komst hún svo að orði í athugasemdum, sem fylgdu framvarpinu:

„Vegna þess, að breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar hafa áhrif á nær allt kaupgjald í landinu og verðlag á öllum innlendum landbúnaðarafurðum, hefur jafnvel hin minnsta breyting á vísitölunni mjög viðtæk áhrif á allt efnahagskerfið og getur bakað útflutningsatvinnuvegunum útgjöld, sem þeir fá ekki risið undir, nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að auka tekjur þeirra. Á hinn bóginn er varla hægt að komast hjá því, að slíkar ráðstafanir hafi aftur áhrif á vísitöluna. Í sambandi við lausn efnahagsvandamála er því nauðsynlegt að taka sjálft vísitölukerfið til athugunar, þ. e. þá skipan, að allt kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa með breytingu á framfærsluvísitölu. Ríkisstjórninni er ljóst, að slíkt mál verður að leysa í nánú samstarfi við stéttasamtökin í landinu, og mun beita sér fyrir samstarfi við þau um þetta efni. Munu mál þessi verða tekin til nánari athugunar, þegar þessi samtök halda þing sín síðari hluta þessa árs.“

Á næstliðnu hausti kom fram yfirlýsing frá Sjálfstæðisflokknum, sem gaf til kynna, að hann vildi fara sömu leið og vinstri stjórnin til breytinga í þessu efni, þ. e. leita samkomulags um málið.

Í „Kosningastefnuskrá Sjálfstæðisflokksins“, sem birt var í Morgunblaðinu 2. okt. s. l., segir m. a. á þessa leið:

„Náð verði samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun vixlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags.“

Það er því í fullu ósamræmi við kosningaloforð sjálfstæðismanna, að þeir leggja nú til, að lögbindingarleiðin verði farin.

Í stað þess að fara inn á þá braut virðist sjálfsgætt að reyna að leysa málið með samkomulagi, og flyt ég brtt. um það.

Þetta mál snertir alla launamenn, sem taka laun sín að nokkru leyti í vísitöluuppbótum, en það snertir einnig bændur og fiskimenn. Núgildandi fyrirkomulag á verðlagningu landbúnaðarafurða er þannig, að vinnutekjur bænda eiga að breytast með kaupgreiðsluvísitölu. Hliðstæð ákvæði um breytingu á tekjum sjómanna á bátum og togurum eru í lögum.

Samkv. 24. gr. er heimilt að hækka mjólkurverð til framleiðenda frá 1. apríl n. k. í hlutfalli við hækkun þá á kostnaðarhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvара 1959—1960, sem leiðir af ákvæðum laganna. En þessi hækkunarheimild nær aðeins til mjólkurverðs.

Í 25. og 26. gr. er ákveðið, að þar til nýir samningar verða gerðir milli sjómanna og útvegsmanna, skuli skiptaverð til bátasjómannna á þorskveiðum og aflaverðlaun togarasjómannna haldast óbreytt, þ. e. miðast við sama fiskverð sem var í gildi í febr. 1959.

Samkv. 28. gr. er ríkisstjórninni heimilt að halda áfram niðurgreiðslum á vöruverði. Og í athugasemdunum segir, að ríkisstjórnin hafi ákveðið að auka enn þessar greiðslur og taka nú upp þann hátt að greiða niður útlendar vörur (kornvörur, kaffi og sykur).

Í athugasemdum með frv. segir, að eitt meginatriðið í tillögum stjórnarinnar sé að afnema bótakerfið, sem í gildi hefur verið síðan 1951. Það er mjög fjarri sanni, að bótakerfið sé afnumið með þessu frv., þótt samþykkt verði. Niðurgreiðslurnar hafa verið annar aðalþáttur bóta- og styrkjakerfisins, en þeim á að halda og meira að segja auka við þær.

Í ath. með frv. er rætt um greiðslur vaxta og afborgana af erlendum lánum og því haldið fram, að það sé „mjög þung greiðslubyrði“. Þrátt fyrir þetta hefur stjórnin í hyggju að auka við erlendar skuldir, því að í 29. og 30. gr. frv. fer hún fram á heimildir til þess að taka ný lán, sem hún nefnir gjalddeyrislán, og mega þau nema allt að 20 millj. dollara eða 760 millj. kr. með hinu fyrirhugaða gengi. En stjórnin segir, að nýju lánin verði notuð til venjulegra vörukaupa, en ekki til framkvæmda.

Ein af fyrirætlunum ríkisstj. er að hækka vexti. Til þess að geta komið því fram leggur hún til í 31. gr. frv., að afnumin verði núgildandi lagaákvæði um hámark vaxta, sem eru í lögum um bann við okri.

Þá skal vikið að 32. gr. frv. Með þessari einu frumvarpsgrein, ef að lögum verður, eru meginatriði margra laga, sem sett hafa verið á ýmsum tímum til stuðnings framkvæmdum í atvinnulífi og félagsmálum, raunverulega úr gildi runnin. Farið er fram á, að ríkisstjórn verði héðan í frá veitt vald til að ákveða, án þess að bera það undir Alþingi, vaxtakjör og lánstíma hjá fiskveiðasjóði, stofnlánadeild sjávarútvegsins, byggingarsjóði sveitabæja, ræktunarsjóði, byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), byggingarsjóði verkamanna og raforkusjóði. Í athugasemdum kemur fram, að gert er ráð fyrir vaxtahækkun hjá sjóðunum, og allar líkur benda til, að einnig sé gert ráð fyrir að stytta lánstímann hjá fleiri eða færri af þessum uppbyggingarsjóðum. En lánakjörin eru einmitt meginatriði í lögnum. Ef ekki væri um sérstök lánakjör að ræða, væri öll þessi löggjöf lítils virði. Í lánakjörunum kemur fram stuðningur þjóðfélagsins við þarflegar framkvæmdir og þá einstaklinga eða aðra aðila, sem þurfa á stuðningi að halda.

Lög um starfsemi fiskveiðasjóðs, ræktunarsjóðs, byggingarsjóðs sveitanna og byggingarsjóðs verkamanna, í svipuðu formi og nú, eru búin að vera í gildi í þrjá áratugi eða lengur og lög sumra hinna sjóðanna áratug eða meira. Þess má þó geta, að hin fyrstu lög um ræktunarsjóð eru frá árinu 1900 og fyrstu lögin um fiskveiðasjóð frá 1905, þótt rekstur þessara tveggja sjóða væri lengi framan af með nokkuð öðrum hætti en síðar varð.

Með engu móti verður á það fallizt, og því er harðlega mótmælt, að Alþingi veiti núverandi ríkisstjórn eða annarri vald til að gerbreyta með tilskipunum og á eindæmi svo umfangsmikilli og merkri framfaralöggjöf á mörgum sviðum sem hér er um að ræða og draga úr þeim margvíslega stuðningi, sem með löggjöfinni er veittur og hefur verið veittur á þeim tímum, þegar fjárhagsgeta þjóðfélagsins hefur verið minni en hún nú er, enda væri það ranglæti gagnvart þeim, sem nú eru að hefja lífsstarf sitt, og þeim, sem af einhverjum ástæðum, oft óviðráðanlegum, hafa orðið að fresta nauðsynlegum framkvæmdum til þessa.

Nú eru í lögum ákvæði um það, að setja megi reglur, er skyldi sparisjóði til að leggja hluta af innstæðufé sínu inn í Seðlabankann í Reykjavík og geyma þar. Hingað til hefur þessi lagaheimild þó ekki verið notuð og því engin almenn skylda á sparisjóðina lögð í þessu efni. Svo er að sjá, að nú eigi það að verða einn af mörgum þáttum hinna fyrirhuguðu efnahagsráðstafana að leggja þessa skyldu á sparisjóðina almennt, að afhenda Seðlabankanum í Reykjavík tiltekinn hluta af innlánsfénu. Eins og kunnugt er, hafa sparisjóðir verið stofnaðir víða um land og margir þeirra starfað lengi. Taka þeir við innlánsfé frá almenningi í hlutaðeigandi byggðarlögum og ávaxta það og þá yfirleitt með því að lána það út aftur heima fyrir til framkvæmda og atvinnurekstrar innan héraðanna. Með þessu hafa sparisjóðirnir gert stórmikið gagn, hver á sínu svæði, þar sem þeir hafa stuðlað að sparnaðaraukningu og jafnframt að því, að sparifé sé ekki flutt burt. Hlýtur það að hafa mjög óheillavænleg áhrif, ef nú verður lögð á þá skylda til að afhenda hluta af sparifénu. Óhætt mun að halda því fram, að yfirleitt hafi sparisjóðunum verið gætilega og skynsamlega stjórnað. Mun því ekki vera þörf að skerða umráðarétt sjóðanna yfir sparifénu af þeirri ástæðu, að þar hafi verið ógætilega farið.

Einhverja erfiðleika mun hækkun innlánsvaxta hafa fyrir sparisjóði, sem eiga fé útistandandi í föstum lánum, þar sem ekki er hægt að breyta vaxtakjörum, t. d. í lánnum gegn fasteignaveðum, og er ástæða til að gefa því gaum.

Í 33. gr. er það nýmæli, að hægt sé að skylda innlánsdeildir kaupfélaga til að leggja hluta af innstæðufé sínu inn í Seðlabankann í Reykjavík og afsala sér þannig notkun þess fjár heima í héraði. Hér er of langt gengið, ef nú á að seilast til fjármuna, sem félagsmenn kaupfélaganna eiga í félögnum og alltaf hafa fram að þessu verið notaðir til félagslegra þarfa heima fyrir.

Flest kaupfélögin hafa á undanförunum árum lagt mikið fé í nauðsynlegar framkvæmdir í þágu atvinnulífsins hvert á sínum stað, svo sem byggingu frystihúsa og annarra vinnslustöðva fyrir landbúnaðar- og sjávarafurðir, stofnun véla- viðgerðarstöðva, kaup á flutningatækjum o. m. fl. Í sambandi við þessar framkvæmdir hafa lántökumöguleikar hjá almennum lánastofnunum verið mjög takmarkaðir, og oft hefur mjög lítið eða ekkert fé fengizt til framkvæmdanna á þann hátt. Því aðeins hafa félögin getað ráðizt í þessa uppbyggingu, að félagsmennirnir hafa lagt fram sitt fé til hinna félagslegu þarfa. Ef nú á að krefjast þess, að nokkuð af þessu fé verði flutt burt úr héruðunum og félagsmenn kaupfélaganna þar með sviptir yfirráðarétti yfir sínum eigin fjármunum og frelsi til að nota þá til nauðsynlegrar uppbyggingar heima fyrir, er þar um sérstaka réttinda- skerðingu að ræða, sem þeim er ætlað að búa við.

Í athugasemdum með frv. segir, að hið fyrirhugaða gengi sé við það miðað, að „þorskveiðar bátanna beri það sama úr bítum og þær gera með þeim útflutningsbótum, er nú gilda“, og er talið, að þær séu nú 94.5% af útflutningsverðmæti bátafisks. Sé þetta rétt, versnar stórum aðstaða þeirra, sem mest eiga undir sérbótum þeim, sem nú eru greiddar umfram hinar almennu bætur út á smáfisk, ýsu, steinbít, kola og sumarveiddan fisk, en samanlagðar nógildandi bætur út á þennan hluta aflans nema miklu hærri hundraðshluta en hér er tilgreindur (94.5%). Niðurfelling sérbótanna, ef samþykkt verður, kemur sérstaklega þungt niður á verstöðvum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, af því að sá hluti aflans, sem sérbótanna nýtur, er þar hlutfallslega mjög stór. Verður ekki séð, að hlutaðeigendur geti við þetta unað, og mun ég flytja breytingartillögu varðandi þetta mál.

Sú er ein af meginástæðunum, sem ríkisstjórnin færir fram fyrir því að gera þær stórfelldu ráðstafanir, sem stefnt er að með frv., að til þeirra þurfi að grípa til að jafna halla, sem verið hafi á þjóðarbúskapnum gagnvart öðrum löndum undanfarin ár. Birtir stjórnin tölur í þessu sambandi, sem eru þannig fundnar, að allar lántökur til framkvæmda á undanförunum árum eru taldar til halla á þjóðarbúskapnum og þar með allar mestu framkvæmdir síðustu ára, svo sem sementsverksmiðjan, Sogsvirkjunin, ræktun og byggingar í sveitum, fjöldi fiskiskipa og kaupskipa o. s. frv. Langmestur hluti skuldaaukningarinnar við útlönd síðustu árin stafar af lántökum til slíkra framkvæmda. Skal hér tekið dæmi um árin 1956—1958 — stjórnartímabil vinstri stjórnarinnar.

Í skýrslu, er fylgir frv., er sagt, að halli á þjóðarbúskapnum út á við þessi 3 ár hafi verið samtals 627 millj. kr. og borgaður að mestu með lántökum.

Litum svo á lántökur á þessum árum, sem taldar eru til halla.

Frá 1. júlí 1956 til ársloka 1958 voru þessi lán tekin:

I. Með ríkisábyrgð:

Lán vegna ræktunarsjóðs, raforkusjóðs, fiskveiðasjóðs og sementsverksmiðju	65.3 millj. kr.	Bandarískt lán
Lán til flökunarvélakaupa	17.6 — —	V-þýzkt lán
Lán v/ hafnargerðar á Akranesi	6.7 — —	V-þýzkt lán
Lán v/ Sogsvirkjunar og raforkusjóðs	81.6 — —	Bandarískt lán
Lán v/ Sogsvirkjunar	36.4 — —	Bandarískt lán
Lán v/ raforkusjóðs, sementsverksmiðju, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs	81.6 — —	Bandarískt lán
Lán v/ raforkusjóðs, sementsverksmiðju, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs	32.9 — —	V-þýzkt lán
Lán v/ Sogsvirkjunar og rafmagnsv. ríkisins	27.7 — —	Bandarískt lán
Lán v/ frystihúsa o. fl. framkvæmda	1.9 — —	Svissneskt lán
Lán v/ Flugfélags Íslands, flugvélakaup	33.0 — —	
Lán v/ kaupa á 12 skipum	50.0 — —	
Lán v/ Landssímans	9.0 — —	

Lán v/ rafmagnsv. ríkisins, vélakaup	4.8 millj. kr.	Svissneskt lán
Lán v/ Akraneshafnar	1.4 — —	
Lán v/ Strætisvagna Reykjavíkur	0.6 — —	
Lán v/ Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar	2.9 — —	

Samtals 453.4 millj. kr.

II. Án ríkisábyrgðar:

Eimskipafélag Íslands, Eimskipafélag Reykjavíkur og
Samband ísl. samvinnufélaga, skipakaupalán,
samtals 108.4 millj. kr.

Samtals nema þessar lántökur 561.8 millj. kr. Munu þó ekki þar með taldar allar lántökur til framkvæmda á þessum 3 árum, því að einhverjar munu hafa átt sér stað fyrir 1. júlí 1956.

Þá eru taldar með í hallanum afborganir af eldri lánnum, um 136 millj. kr.

Það er fjarri öllum sanni, að það lánsfé, sem fengið hefur verið erlendis til þeirra hagnýtu framkvæmda, sem að framan eru nefndar, íþyngi þjóðinni og að þess vegna þurfi að taka upp þá samdráttarstefnu, sem boðuð er í frv. Slíkar kenningar eru á engum rökum reistar.

Í sambandi við þetta mál þurfa menn að gera sér ljóst, eftir því sem kostur er, hvernig ástæður eru nú í efnahagsmálunum, hvort þörf sé fyrir nýjar ráðstafanir í þeim efnum og þá hve miklar, til þess að framleiðslustarfseminni verði haldið áfram með eðlilegum hætti og viðunandi afkomu megi vænta í ríkisrekstrinum.

Er þá fyrst að athuga, hver útkoman hefur orðið s. l. ár. Fjármálaráðherra telur, að á því ári hafi orðið um 8 millj. kr. greiðsluafgangur hjá ríkissjóði. En þá er búið að nota tekjuafgang frá 1958, sem nam um 43.5 millj. kr. Eftir þessum upplýsingum að dæma ætti greiðsluhallinn hjá ríkissjóði að hafa numið 35—36 millj. kr. árið 1959.

Þá er það útflutningssjóðurinn. Upplýsingar ríkisstjórnarinnar um afkomu hans eru nokkuð á reiki. Í athugasemdum með frv. segir, að eftir áætlunum, sem gerðar hafi verið, ætti halli sjóðsins árið 1959 að hafa numið um það bil 180 millj. kr. Þó hefur verið nefnt í umræðum af hálfu ríkisstjórnarinnar, að telja mætti, að upphæðin væri þar oftalin um 30 millj. kr. Á öðrum stað í athugasemdunum er svo rætt um, að ætla megi, að skuldbindingar, sem á sjóðnum hvíla um síðustu áramót, hafi numið um 270 millj. kr.

Útflutningssjóður var upphaflega stofnaður með lögum í lok ársins 1956. Við athugun á útkomunni af rekstri hans þann tíma, sem hann hefur starfað, þarf að taka með í reikninginn, að sjóðurinn tók í upphafi á sig kvaðir, sem þá hvíldu á framleiðslusjóðnum og bátagjaldeyriskerfinu, sem komið var á 1951. Í bréfi frá stjórn útflutningssjóðs til fjárhagsnefndar Nd., dags. 9. þ. m., er sagt, að sjóðsstjórninni teljist svo til, að þær kröfur, sem útflutningssjóður tók við frá framleiðslusjóði og bátagjaldeyriskerfinu, hafi verið:

Halli framleiðslusjóðs	kr. 18402059.26
Innlausn B-skírteina	— 87694466.80

Kr. 106096526.06

En hvernig eru þá afkomuhorfur hjá atvinnuvegunum á þessu ári?

Í athugasemdum með frv. segir, að tillaga stjórnarinnar um gengisskráningu sé við það miðuð, „að stærsta grein útflutningsframleiðslunnar, þorskveiðar bátanna, beri það sama úr bítum og þær gera með þeim útflutningsbótum, er nú gilda, að öllum sérbótum meðtöldum“.

Í þessum ummælum felst yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um það, að ekki muni þörf nýrra ráðstafana vegna þessarar „stærstu greinar útflutningsframleiðslunnar“. Því er hins vegar haldið fram, að þörf muni að bæta nokkuð rekstrarskilyrði togaraútgerðar og síldarútvegsins.

Þó að telja megi, að nú muni þörf ráðstafana í efnahagsmálum, er langt frá því, að þau mál séu svo örðug viðfangs eða torleyst, að þess vegna sé nokkur ástæða til að stofna til þeirrar gerbyltingar í þjóðfélagsmálum, sem stjórnin hefur í hyggju að koma fram.

Það liggur í augum uppi, að framkvæmd þeirrar stjórnarstefnu, sem boðuð er í frv., mun hafa mjög lamandi áhrif á margs konar uppbyggingarstarfsemi og valda samdrætti á mörgum sviðum athafnalífsins. Ætlunin er að fylgja stefnunni fram með miklum verðhækkunum á efnivörum til framkvæmda og einnig með því að hækka vexti og draga úr lánveitingum peningastofnana. Verði þessu fram komið, munu óheillavænlegar afleiðingar þess birtast í ýmsum myndum. Það verður t. d. stórum erfiðara en áður fyrir ungt fólk að stofna til heimilismyndunar og atvinnurekstrar. Mjög er torveldað fyrir mönnum að byggja hús til íbúðar eða annarra nota, þó að þeir hafi þess brýna þörf. Sömu örðugleikar koma til sögunnar við öflun nauðsynlegra tækja til atvinnurekstrar.

Að sjálfsgöðu er auðvelt að benda á, að ýmiss konar veilur séu í efnahagslífinu eins og á mörgum öðrum sviðum, enda er það algengt umræðuefni manna. En þrátt fyrir allt mun óhætt að segja, að þjóðin sé betur efnum húin en nokkru sinni áður. Og áhugi landsmanna fyrir áframhaldandi alhliða framförum í þjóðfélaginu er svo mikill og almennur, að ríkisstjórnin getur ekki búizt við, að því verði tekið með þögn og þolinmæði, að hagnýtar athafnir og framfarir verði torveldaðar svo mjög sem að er stefnt með þessu stjórnarfrumvarpi. Óhætt mun að fullyrða, að mikill fjöldi landsmanna sé andvígur slíkum aðgerðum.

Efnahagsmálin eru ævarandi viðfangsefni löggjafar- og framkvæmdavaldsins. Þau eru fjölþætt, og oft er þar um vandasöm úrlausnarefni að ræða. Þannig hefur þetta lengi verið og mun enn verða.

Reynslan hefur sýnt, að það er nauðsynlegt, að sem viðtækast samstarf náist um úrræði í efnahagsmálunum, til þess að viðunandi árangurs megi vænta. Það er því tillaga Framsóknarflokksins, að nú þegar verði reynt að ná samkomulagi í þinginu um nauðsynlegar ráðstafanir til að halda verðbólgunni í skefjum og tryggja framleiðslustarfsemina.

Sankvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpinu verði vísað frá með svo-hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin lítur svo á, að þjóðarnauðsyn sé, að unnið verði að skipan efnahagsmálanna með sem viðtækustu samstarfi, ályktar hún að heina því til ríkisstjórnarinnar að skipa nú þegar átta manna nefnd — tvo frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra — og verði verkefni nefndarinnar:

1. Að gera tillögur og leggja þær fram á þessu þingi, innan þriggja vikna, um ráðstafanir, er miðist við að halda verðbólgunni í skefjum og atvinnulífinu í fullum gangi.
2. Að starfa milli þinga á þessu ári og hafa tilbúna fyrir næsta reglulegt Alþingi heildartillögur um skipan efnahagsmálanna.

Ög með skírskotun til þess, er að framan segir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. febr. 1960.

Skúli Guðmundsson.